

Fimmtudaginn 30. október 1997.

Nr. 450/1996.

Skúli Magnússon

(Sveinn Skúlason hdl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Jón G. Tómasson hrl.)

og gagnsök

Opinberir starfsmenn. Frávikning úr starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1996. Hann krefst þess aðallega, að gagnáfrýjanda verði gert að greiða sér 8.626.400 krónur, til vara aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, en til þrautavara 154.224 krónur, í öllum tilvikum með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1992 til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar fyrir sitt leyti með stefnu 3. mars 1997. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður falli þá niður.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað, en rétt þykir, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 25. september 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. september sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Skúla Magnússyni kennara, kt. 030831-3499, Lækjarási 2, Reykjavík, gegn íslenska ríkinu, kt. 540269-6459, Sölvhólsögðu 7, Reykjavík, með stefnu, þingfestri 21. september 1995.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 8.626.400 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. 2. 1992 til greiðsludags. Þess er krafist, að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. 2. 1993.

2. Til vara er gerð sú krafa, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins ásamt sömu vöxtum frá sama tíma og skv. kröfulið nr. 1.

3. Til þrautavara, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 154.224 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. 2. 1992 til greiðsludags. Þess er krafist, að vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. 2. 1993.

4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt málskostnaðarreikningi. Er þess krafist, að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist, að dráttarvextir leggist við dæmdan málskostnað á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda og að tildæmdur verði málskostnaður úr hans hendi samkvæmt mati dómsins, til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki látinn niður falla.

I.

Málavextir.

Stefnandi var skipaður kennari við barnaskólana í Reykjavík, nú grunn-skóla Reykjavíkur, með bréfi menntamálaráðherra, dags. 16. september 1960. Starfaði stefnandi sem handavinnu- og íþróttakennari við Laugarnesskóla í Reykjavík. Veturinn 1975/1976 fékk stefnandi ársleyfi frá störfum. Var það gert í kjölfar þess, að upp höfðu komið vandamál í kennslustörfum hans. Árið 1983 komu upp hliðstæð vandamál við kennslustörf stefnanda, og bárust skólastjóra Laugarnesskóla kvartanir frá foreldrum jafnt sem nemendum. Var kvartað um, að stefnandi stjórnaði illa í kennslustundum, léti nemendur afskiptalaus og kæmi seint í kennslustundir. Rætt var við stefnanda um mál hans og lagt til við hann að breyta um starf. Af því varð ekki.

Haustið 1988 kom upp mikil óánægja með störf stefnanda, og bárust skólastjóra fjölmörg bréf frá foreldrum barna, sem stunduðu nám við skólann. Bárust bréfin í nóvembermánuði 1988. Var óánægja foreldranna slík,

að ýmsir þeirra neituðu, að börnum þeirra yrði gert að sækja kennslustundir hjá stefnanda. Af þessu tilefni tók skólastjóri Laugarnesskóla saman greinargerð um mál stefnanda, sem hann sendi fræðslustjóranum í Reykjavíkurmðæmi með bréfi, dags. 24. nóvember 1988. Þar lagði hann til, að stefnandi „hætti kennslu hið allra fyrsta með samkomulagi eða með öðrum ráðum“. Máli stefnanda var vísað til fræðsluráðs. Á fundi fræðsluráðs 5. desember 1988 var máli stefnanda vísað til fræðslustjóra, sem sendi það til afgreiðslu menntamálaráðuneytisins með bréfi, dags. 6. desember 1988. Stefnandi lagði inn læknisvottorð, dags. 9. jan. 1989, þar sem fram kemur, að hann væri slæmur af vöðvabólgu, og var mælt með því, að hann tæki sér þriggja mánaða leyfi frá störfum. Á fundi með fræðslustjóra 16. febrúar 1989 var stefnanda gerð grein fyrir afstöðu skólastjóra og foreldra um málið og veitt munnleg áminning í viðurvist Arthurs Morthens, sem þá var sérkennslufulltrúi Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurmðæmis. Var stefnandi einnig boðaður á fund með fræðslustjóra og skólastjóra Laugarnesskóla 3. mars 1989 til að ræða þau ágreiningsmál, sem uppi voru um störf hans. Stefnandi kom ekki til þess fundar. Með bréfi fræðslustjórans í Reykjavíkurmðæmi til stefnanda, dags. 3. apríl 1989, var fyrri áminning áréttuð. Bréf þetta var lagt fram á fundi fræðsluráðs sama dag, og var samþykkt sú tillaga, að stefnandi yrði leystur frá störfum að veikindaleyfi hans loknu 9. s. m. Sú tillaga var send menntamálaráðuneyti með bréfi, dags. 6. s. m. Þá lá fyrir annað læknisvottorð, dags. 31. mars 1989, þar sem fram kemur, að stefnandi hafi verið óvinnufær síðan um áramót sökum bakverkja (vöðvabólgu) og verði að teljast óvinnufær um nokkurra mánaða skeið í viðbót. Stefnandi skilaði síðan inn veikindavottorðum 15. júní og 26. september 1989, en í læknisvottorði, dags. 18. desember s. á., var sagt, að hann yrði vinnufær frá og með næstu mánaðamótum. Ekki var stefnanda veitt formleg lausn frá störfum, en mun hafa verið í leyfi áfram á fullum launum.

Hinn 14. ágúst 1991 ritaði stefnandi fræðslustjóra bréf, þar sem hann óskaði upplýsinga um það, hvort hann ætti að starfa við Laugarnesskóla það skólaár, sem í hönd fór, eða vera áfram í leyfi. Á fundi með fræðslustjóra 21. ágúst s. á. var stefnanda kunnbert, að hann væri skipaður kennari við grunnskóla Reykjavíkur, og boðið að kenna íþróttir og smíði við Foldaskóla frá og með haustmisseri 1991. Var stefnandi inntur eftir heilsufari, sem hann kvað vera gott, og myndi hann því ekki senda inn veikindavottorð. Var stefnanda síðan gerð grein fyrir því, að hann ætti að koma á kennarafund að morgni 2. september það ár. Með símskeyti til fræðslustjóra, dags. 30. ágúst s. á., bað stefnandi um að fá skrifleg fyrirmæli, ef það væri ákvörðun fræðslufirvalda, að hann tæki við annarri kennarastöðu, og honum jafnframt tilkynnt, við hvaða skóla hann ætti að starfa.

Ekki sótti stefnandi kennarafundinn í Foldaskóla 2. september 1991. Var stefnanda tilkynnt með símskeyti fræðslustjóra 3. s. m., að hans biði stundaskrá, og var hann boðaður á fund skólastjóra Foldaskóla 4. s. m. Ekki sótti stefnandi þann fund og vitjaði ekki stundaskrárinnar. Stefnandi boðaði síðan forföll sín, er hann skyldi koma í viðtal til skólastjóra 6. s. m. Samkvæmt læknisvottorði, dags. 5. september 1991, var mælt með því, að stefnanda yrði veitt leyfi um nokkurra mánaða skeið sökum verkja í herðum og baki. Hinn 28. nóvember 1991 tilkynnti stefnandi með bréfi til fræðslustjóra, að hann væri orðinn vinnufær að nýju, óskaði upplýsinga um, hvar hann ætti að starfa. Ekki kom stefnandi til starfa í Foldaskóla. Stefnandi var tekinn út af launaskrá um áramót 1991/1992. Með símskeyti til fræðslustjóra Reykjavíkur 31. janúar 1992 krafðist stefnandi þess, að greidd yrðu laun fyrir janúar 1992. Með bréfi lögmanns stefnanda til menntamálaráðuneytisins, dags. 10. febrúar s. á., var óskað upplýsinga um ástæður fyrir launasviptingunni. Í svarbréfi ráðuneytisins, dags. 13. febrúar 1992, er tekið fram, að þar sem stefnandi kom ekki til vinnu að loknum veikindum 29. nóvember sl., séu forsendur ráðningar brostnar. Þeim skýringum og afstöðu stefnda var mótmælt í bréfi lögmanns stefnanda, 13. febrúar s. á. Með bréfi ráðherra, dags. 21. febrúar 1992, var stefnanda veitt lausn frá störfum.

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu til bóta úr hendi stefnda vegna ólög-mætrar frávikningar úr starfi.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Málsástæður stefnanda eru þær, að með því að vera skipaður kennari, sbr. skipunarbréf hans, dags. 16. september 1960, hafi hann mátt búast við því að gegna stöðu sinni til fullnaðs 70 ára aldurs eða á meðan hann óskaði þess, væri fær um það og gerðist ekki brotlegur í starfi. Stefnandi hafi ekki gefið nein tilefni til frávikningar úr stöðu sinni og ekki óskað hennar sjálfur. Stefnandi telur því, að sér hafi verið vikið úr stöðu sinni án saka og því sé um að ræða ólögmæta frávikningu, og eigi hann af því tilefni kröfu á hendur stefnda um skaðabætur. Nemi bætur þessar jafnvirði þeirra launatekna, er hann hefði haft að lágmarki, ef hann hefði gegnt stöðu sinni áfram. Hafi stefndi alla sönnunarbyrði um það, að einhverjar þær ástæður hafi legið til grundvallar frávikningu, sem réttlæti hana. Stefndi hafi ekki sýnt fram á neinar þær ástæður, sem lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna nr. 38/1954 áskilji sem grundvöll frávikningar. Stefndi hafi ekki neytt þeirra úrræða, sem honum hafi borið að beita samkvæmt lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna nr. 38/1954, sbr. m. a. 2. mgr. 7. gr. Þannig hafi stefnanda ekki verið veitt skrifleg áminning vegna brota í starfi, og ekki

hafi starfsmaðurinn misst neitt af hinum almennu hæfnisskilyrðum samkvæmt 3. gr. sömu laga. Stefndi haldi því fram, að brostnar hafi verið forsendur fyrir ráðningu stefnanda, þar sem hann hafi ekki komið til starfa í Foldaskóla að loknu veikindaleyfi 29. nóvember 1991. Þessari fullyrðingu stefnda er mótmælt af hálfu stefnanda sem rangri og tilhæfulausri, sbr. bréf stefnanda, dags. 28. nóvember 1991.

Stefnandi sundurliðar dómkröfuna þannig, að hún sé að höfuðstól 8.626.400 kr. Þar af nemi töpuð laun stefnanda 8.138.100 kr. og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 488.300 kr. Dómkrafan sé þannig fundin, að miðað sé við þau heildarlaun, sem stefnandi hafði, er hann gegndi starfi sínu, sbr. launamiða 1992, vegna launagreiðslna árið 1991. Miðað er við, að stefnandi héldi launum allt til 70 ára aldurs, 3. ágúst árið 2001. Er vísað til útreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar, tryggingastærðfræðings í þessu sambandi.

Varakrafa er um fjárhæð að mati dómsins og skýrir sig því sjálf.

Prautavarakrafa er um ógreidd laun frá 1. janúar 1992 til og með 21. febrúar 1992, en stefnandi hafi verið sviptur launum frá áramótum 1991/1992 að telja, en vikið úr stöðu sinni frá 21. febrúar 1992 og ekki fengið greidd laun fram að frávikningardegi, í 52 daga.

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi til laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og laga nr. 49/1991 um grunnskóla svo og til almennra reglna skaðabótaréttar. Kröfur um málskostnað styður stefnandi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að lausn stefnanda frá störfum hafi verið fyllilega lögmæt og réttmæt, og er málaltilbúnaði stefnanda vísað á bug. Stefnanda hafi ofsinnis verið veittar áminningar vegna vanrækslu í starfi. Hafi vanræksla stefnanda falist í hirðuleysi og óvandvirkni í starfi, óstundvísi og því að koma alls ekki til vinnu. Vanræksla stefnanda í starfi hafi verið ítrekuð með hirðuleysi hans, áhugaleysi um kennslu og því að koma ekki til vinnu og á kennarafundi. Stefnanda hafi ætíð verið veittur kostur á að tala máli sínu. Mál stefnanda hafi verið til athugunar í fræðsluráði, sem mælt hafi með lausn hans. Engu að síður hafi stefnanda verið gefinn kostur á því að halda áfram kennslu við Foldaskóla, sem hann hafi samþykkt. Þrátt fyrir undangengnar áminningar hafi stefnandi enga viðleitni sýnt til að bæta ráð sitt, heldur vanrækt starf sitt með sama hætti og fyrr. Stefnandi hafi þannig ekki komið til vinnu á kennarafund 2. september 1991, svo sem honum hafi borið, og ekki heldur á fund skólastjóra 4. s. m.

Hvorugt þessara skipta hafi stefnandi verið forfallaður vegna veikinda. Vottorð það, sem dags. var 5. september 1991, hafi einungis falið í sér til-mæli lækniis um, að honum yrði veitt veikindaleyfi um nokkurra mánaða skeið. Stefnandi hafi aldrei framvísað vottorði þess efnis, að hann væri óvinnufær sökum veikinda þá í byrjun septembermánaðar. Eftir að stefnandi kom ekki til vinnu þrátt fyrir það að vera orðinn vinnufær að nýju 28. nóvember 1991, var ljóst, að hann hirti ekki um starfsskyldur sínar frekar en áður. Stefndi telur, að fyrirspurnarbréf stefnanda um það, hvar hann skyldi koma til vinnu, hafi enga þýðingu haft. Stefnandi hafi verið skipaður kennari við grunnskóla Reykjavíkur og vinnustaður hans þá verið Foldaskóli. Stefnandi hafi því skilyrðislaust borið að koma til starfa í skólann 28. nóvember 1991, þegar heilbrigðisvottorð lá fyrir, í stað þess að halda því fram í bréfi sama dag, að vafi léki á því, hvar hann ætti að starfa. Stefndi vísar til ákvæða laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, einkum 28. gr., 1. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 30. gr., svo og fyrirmæla í skipunarbréfi stefnanda. Ljóst sé, að stefnandi hafi sýnt þráfaldlega af sér hirðuleysi í starfi svo og þá vanrækslu að koma alls ekki til vinnu. Hafi sakir stefnanda verið mjög miklar og varðað brottvikningu fyrir fullt og allt 21. febrúar 1992, sbr. 3. mgr. 30. gr. laganna, enda hafi þá verið fyrir séð, að stefnandi myndi í engu láta skipast við áminningar, sem honum höfðu verið veittar.

Pótt ekki verði fallist á, að sakir stefnanda hafi verið svo miklar, að réttlættu lausn að fullu samkvæmt niðurlagsákvæði 3. mgr. 30. gr. laga nr. 38/1954, vísar stefndi til þess, að undanfarin leyfi stefnanda frá störfum um langt skeið megi eindregið jafna til lausnar um stundarsakir samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna. Frá því að stefnandi hafi skilað inn heilbrigðisvottorði 18. desember 1989, hafi hann verið í leyfi vegna þeirra ávirðinga, sem á hann hafi verið bornar og hann verið áminntur fyrir, enda útséð um, að hann gæti rækt starf sitt við Laugarnesskóla. Stefndi telur því mjög óraunhæft, eins og atvikum sé háttað, að krafa stefnanda til launa eða skaðabóta geti hlotist af því, að stefnandi hafi verið í leyfi frá störfum vegna ávirðinga á fullum launum, en var ekki veitt formleg lausn um stundarsakir á hálfum launum, sbr. 9. gr. laga nr. 38/1954. Sem fyrr greinir, höfðu stefnandi þá iðulega verið veittar áminningar og mál hans rannsakað af fræðsluráði. Öll skilyrði hafi því verið fyrir lausn stefnanda frá störfum, sbr. 7. og 8. gr. laganna. Um haustið 1991 hafi stefnandi hins vegar verið veittur kostur á að bæta ærlega ráð sitt, með því að fundin hafi verið ný kennslustaða handa honum. Fjarvistir hans þá um haustið og skeytingarleysi um starfsskyldur sínar hafi leitt til þess, að óhjákvæmilegt hafi verið að taka mál hans til athugunar að nýju. Hafi stefnandi verið tekinn af launaskrá í byrjun árs 1992

og mál hans tekið fyrir í menntamálaráðuneyti. Þar hafi stefnanda verið veittur kostur á að tala máli sínu. Ekki hafi komið fram neinar haldbærar skýringar á þeirri vanrækslu hans að koma ekki til vinnu í Foldaskóla 28. nóvember 1991, og því hafi verið óhjákvæmilegt að veita stefnanda lausn að fullu, svo sem gert hafi verið 21. febrúar 1992.

Um frekari lagarök vegna frávikningar stefnanda vísar stefndi til ákvæða grunnskólalaga. Vísar stefndi einkum til 12. gr., 14. gr., 20. gr., 32. gr., 35. gr. og 55. gr. laga nr. 63/1974, en auk þess til ákvæða laga nr. 49/1991 um sama efni, einkum ákvæða 13. gr., 15. gr., 3. mgr. 21. gr., 38. gr. og 44. gr.

Stefndi styður sýknukröfu sína enn fremur því, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á neitt tjón vegna lausnar frá kennarastarfi. Frávikning hafi því á engan hátt komið í veg fyrir, að stefnandi aflaði sér tekna. Því til stuðnings bendir stefndi á, að stefnandi hafi verið stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Bellu hf. frá ársbyrjun 1994, en félagið hafi með höndum byggingarstarfsemi og fleira. Hafði stefnandi einnig starfrækt sameignarfélag með sama nafni og tilgangi frá ársbyrjun 1992. Stefnandi hafi alla sönnunarbyrði fyrir tjóni sínu.

Til stuðnings lækkunarkröfu er einkum á því byggt, að kröfur stefnanda séu allt of háar og grundvöllur aðalkröfu hans í engu samræmi við dómvenju um ákvörðun bóta, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 38/1954. Því sé mótmælt, að við ákvörðun bóta verði miðað við verðmæti launa og tapaðra lífeyrisréttinda til 70 ára aldurs, enda hafi stefnandi ekki sýnt fram á slíkt tjón. Til lækkunar vísar stefndi einnig til þess, að í útreikningi tryggingafræðings sé ekki gert ráð fyrir greiðslu skatta, en tillit verði að taka til fulls álagningarhlutfalls við ákvörðun bóta, ef talið verður, að leggja megi útreikninginn að einhverju marki til grundvallar. Mótmælt er, að tekið verði tillit til orlofsgreiðslna og persónuuppbótar. Stefndi heldur því einnig fram, að við lækkun bóta verði að taka tillit til þeirrar miklu vanrækslu, er stefnandi hafi sýnt í starfi sínu, sem hafi verið aðalorsök þess, að víkja varð honum frá.

Stefndi fellst ekki á að verða gert að greiða stefnanda þrautavarakröfu hans, enda hafi stefnandi ekki verið við störf frekar en endranær það tímabil, sem um ræðir. Verði ekki á það fallist, telur stefndi aðeins unnt að dæma stefnanda helming þeirrar fjárhæðar með hliðsjón af 9. gr. laga nr. 38/1954.

Í öllum tilvikum sé upphafstíma dráttarvaxta mótmælt, og telur stefndi aðeins unnt að miða við þingfestingardag í því efni. Til stuðnings kröfu um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða.

Samkvæmt gögnum máls gegndi stefnandi ekki starfi við grunnskóla Reykjavíkur frá því í ársbyrjun 1989, uns honum var veitt lausn frá starfi með bréfi menntamálaráðherra, dags. 21. febrúar 1992. Engu að síður var stefnandi á fullum launum allt til ársloka 1991, í veikindaleyfi fyrst í stað, en síðan í launuðu leyfi, að því er séð verður. Svo sem rakið hefur verið, kom upp mikil óánægja með kennslustörf stefnanda í Laugarnesskóla í nóvember 1988. Skólastjóri Laugarnesskóla taldi ástandið algjörlega óviðunandi og lagði til í bréfi til fræðslustjórans í Reykjavíkumdæmi, dags. 24. nóvember 1988, að stefnandi hætti kennslu hið allra fyrsta. Þetta leiddi til afskipta fræðslustjóra Reykjavíkumdæmis og fræðsluráðs af málefnum stefnanda, og var lagt til við menntamálaráðuneyti, að stefnandi yrði leystur frá störfum. Ekki kom þó til þess vegna þeirra veikindavottorða, sem stefnandi lagði inn árið 1989. Á fundi með fræðslustjóra Reykjavíkumdæmis 21. ágúst 1991 var stefnanda tilkynnt, að honum stæði til boða staða í íþróttum og smíði við Foldaskóla í Reykjavík og þar ætti hann að koma til starfa 2. september 1991.

Gögn málsins bera með sér, að stefnanda hafi verið fullkunnugt um og samþykktur því, að hann ætti að hefja störf að nýju haustið 1991 og þá sem kennari í íþróttum og handmennt við Foldaskóla í Reykjavík. Þrátt fyrir það sótti hann þar ekki kennarafund í byrjun september 1991, eins og honum bar að gera, hann tók þar ekki við stundaskrá, sem honum var ætluð, og kom ekki heldur í viðtal við skólastjóra Foldaskóla, eins og óskað hafði verið eftir. Þá liggur og fyrir, að stefnandi kom ekki heldur til starfa við skólann, eftir að fyrir lá læknisvottorð um það, að hann væri orðinn vinnufær að nýju 28. nóvember 1991.

Pegar litið er til þessa og þeirrar forsögu málsins, sem rakin hefur verið, liggur fyrir, að stefnandi hefur brotið gegn 3. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 38. gr. laga um grunnskóla nr. 49/1991 og 28. gr. og 1. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Stefnanda hafði verið veitt áminning og gefinn kostur á að bæta ráð sitt. Verður því talið, að heimilt hafi verið að veita stefnanda lausn frá starfi á grundvelli 3. mgr. 30. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 10. gr. laganna. Ber því að hafna aðal- og varakröfum stefnanda í málinu. Að því er varðar þrautavarakröfu stefnanda, er á það fallist, að hann eigi rétt til launa frá 1. janúar 1992 til 21. febrúar 1992, er honum var veitt lausn frá starfi, enda hafði ekki komið til þess áður, að honum væri veitt lausn um stundarsakir með formlegum hætti. Fjárhæð þrautavarakröfu hefur ekki sætt andmælum, að því er tölulegan útreikning varðar,

og ber stefnda því að greiða stefnanda 154.224 kr. og með þeim dráttarvöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 140.000 kr. í málskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Málskostnaður ber dráttarvexti samkvæmt 129. gr. laga nr. 91/1991.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Skúla Magnússyni, 154.224 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. febrúar 1992 til greiðsludags og 140.000 kr. í málskostnað.
